

Þriðjudaginn 10. febrúar 1987.

Nr. 195/1986. **Bifreiðaverkstæðið Þórshamar hf.**

(Gunnar M. Guðmundsson hrl.)

gegn

Stefáni Gunnarssyni

(Jón Þorsteinsson hrl.)

Skaðabótamál. Galli á verki. Sönnun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Bjarni K. Bjarnason og Guðrún Erlendsdóttir.

Freyr Ófeigsson, héraðsdómari á Akureyri, og meðdómendurnir Stefán Stefánsson, vélaverkfræðingur, og Valgeir Torfason, bifvéla-virkjameistari, kváðu upp hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. júní 1986 og gerir þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnda auk þess sem hann krefst málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Stefndi byggir kröfur sínar á því, að mistök hafi orðið hjá starfsmönnum áfrýjanda, þegar skipt var um olíusíu í bifreið stefnda 18. júní 1982. Gömul þakning hafi orðið eftir sem leiddi til þess, að vélin bræddi úr sér.

Ágreiningslaust er að ljósmyndir þær, sem lagðar eru fram í málinu, eru af smurningsolíusíu þeirri, sem tekin var úr bifreið stefnda, er hún bilaði í lok ágúst 1982. Þykir verða að leggja til grundvallar það álit héraðsdóms, sem skipaður var sérfróðum meðdómendum, að sían hafi ekki verið sett síðar í bifreiðina en þann 18. júní 1982 og að skemmdir þær, sem fram komu í vélinni, megi rekja til mistaka við ísetningu hennar. Samkvæmt þessu ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Rétt þykir, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað, sem ákveðst 75.000,00 krónur samtals í héraði og fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Bifreiðaverkstæðið Þórshamar hf., greiði stefnda, Stefáni Gunnarssyni, 75.000,00 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Akureyrar 26. mars 1986.

Mál þetta, sem dómtekið var þ. 19. febrúar sl., hefur Stefán Gunnarsson, nnr. 8343-9521, Austurgötu 9, Hofsósi, höfðað hér fyrir dómi með stefnu, útgefni 21. júní 1984, á hendur Jóni Ellert Guðjónssyni, nnr. 5143-4537, framkvæmdastjóra, Hraungerði 7, Akureyri, fyrir hönd bifreiðaverkstæðisins Þórshamars hf., Akureyri.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefnda verði dæmt til greiðslu bóta að fjárhæð kr. 269.602,14 ásamt 45% ársvöxtum frá 01.11. 1982 til 21.09. 1983, en 37% ársvöxtum frá þeim degi til 21.10. 1983, en 36% ársvöxtum frá þeim degi til 21.11. 1983, en 32% ársvöxtum frá þeim degi til 21.12. 1983, en 25% ársvöxtum frá þeim degi til 21.01. 1984, en 19% ársvöxtum frá þeim degi til þingfestingardags þ. 28. júní 1984, en vöxtum skv. lögum nr. 56, 1979 frá þeim degi til greiðsludags auk málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá LMFÍ.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar úr hans hendi að mati dómara.

Stefnandi kveður málavexti vera þá að þann 18. júní 1982 hafi verið farið með bifreið hans, K-462, á bifreiðaverkstæðið Þórshamar hf. til að skipta um smuroliu og smuroliusíu. Hafi bifreiðin síðan verið í eðlilegri notkun allt til 18. júní (sic) 1982, en þá hafi oliuverk hennar bilað. Hafi verið gert við það, en þ. 13. ágúst 1982 hafi oliuverkið bilað aftur. Að þeirri viðgerð lokinni hafi bifreiðinni verið ekið allt til 21. ágúst 1982, en þá hafi oliuverkið bilað enn á ný. Hafi nú bifreiðin aftur verið færð til viðgerðar og þá komið í ljós að mistök hafi átt sér stað við oliuskipti þ. 18. júní 1982, þannig að þakking af eldri síu hafi ekki verið fjarlægð og orsakað það að oliusían vann ekki rétt, sem hafi leitt til þessara ítrekuðu bilana á vélinni, og hafi svo verið komið að lokum að taka hafi þurft vélina úr og gera hana upp, þ.e. renna sveifarás og ýmislegt fleira sem tilheyrir upptekt vélar. En fram að þeim tíma hafi ekki verið snert við oliusíu.

Kostnaður við allar þessar viðgerðir hafi numið kr. 116.344,54. Vegna þessa hafi stefndi þurft að greiða ferða- og dvalarkostnað fyrir starfsmenn sína kr. 6.797,60. Þá hafi hann þurft að greiða kr. 2.460,00 fyrir drátt á bifreiðinni K-462 úr Ásbyrgi til Húsavíkur, er bilun varð þ. 13. ágúst 1982. Stefnandi hafi orðið fyrir afnotamissi í 60 daga vegna bilana þessara og krafist sé kr. 2.400,00 á dag, eða kr. 144.000,00 samtals og sé þannig stefnufjárhæðin kr. 269.602,14.

Byggir stefnandi kröfur sínar á því að þegar skipt hafi verið um olíu og olíusíu á bifreiðaverkstæðinu Þórshamri hf. hafi orðið mistök hjá starfsmönnum við skipti á smurolíusíu. Gömul pakkning hafi orðið eftir og truflað rétta virkni olíusíunnar sem leitt hafi til þess að vélin bræddi úr sér. Ekkert óeðlilegt hafi verið við notkun bifreiðarinnar K-462 frá því að skipt var um olíu þ. 18. júní 1982 og þar til vélin bræddi úr sér. Rekja megi bilunina til framangreindra mistaka starfsmanna stefnda við skipti smurolíusíunnar. Skv. íslenskum rétti verði að telja að stefndi beri hlutlæga bótaábyrgð á tjóni þessu í samræmi við regluna um ábyrgð atvinnurekenda á skaðaverkum starfsmanna sinna. Skilyrði þeirrar bótareglu verða að teljast uppfyllt.

Sýknukröfu sína reisir stefnda á því að ósannað sé með öllu að tjón stefnanda eigi nokkrar rætur að rekja til þeirrar þjónustu sem látin var í té á verkstæði stefnda þ. 18. júní 1982. Fram komi að sú olíusíu sem um sé rætt hafi aldrei verið á boðstólum hjá stefnda og hún hafi ekki verið fánleg á Akureyri. Bifreiðarstjóri K-462 hafi ekki haft slíka olíusíu meðferðis og slík olíusíu hafi ekki verið sett í bifreiðina af starfsmönnum stefnda. Þrír mánuðir hafi liðið frá því að skipt var um olíusíu í K-462 þ. 18. júní 1982 þar til viðgerð fór fram, og í ljós kom að um gallaða pakkningu var að ræða í olíusíu. Á þeim tíma hafi bifreiðinni verið ekið a.m.k. á tíunda þúsund kílómetra. Margt geti að sjálfsögðu farið úrskeiðis og bilað í bílvel á svo löngum tíma og í svo löngum akstri. Afar ólíklegt sé að ekki hafi verið skipt um olíusíu allan þann tíma miðað við mikla notkun bifreiðarinnar. Margir menn hafi ekið bifreiðinni á umræddu tímabili og þótt enginn þeirra vilji eftir á kannast við að hafa átt hlut að því að skipta um olíusíu eða pakkningu verði litið á slíkum yfirlýsingum byggt. Hér sé um starfsmenn stefnanda að ræða sem fyrst og fremst séu að bera af sér ábyrgð á tjóni hans. Þá hafi olíuverk bifreiðarinnar verið síbilandi sumarið 1982. Bifreiðin hafi verið í mikilli notkun. Þrátt fyrir það virðist gangskör ekki hafa verið að því gerð að kanna orsakir þessara bilana.

Það hafi ekki verið gert fyrir en í óefni var komið. Ljóst hljóti að vera að þessi vanræksla hafi aukið til muna skemmdir á bílvelinni. Þetta sýni einnig mikið kæruleysi um meðferð bifreiðarinnar. Um það eitt virðist hafa verið hugsað við ítrekaðar viðgerðir á olíukerfi bifreiðarinnar að hún yrði ökufær á nýjan leik en alveg látið liggja á milli hluta hvað þessum ítrekuðu bilunum olli og hvað þyrfti að gera til varanlegra úrbóta, hvað þá að í þær væri ráðist. Ætla megi að hafi viðhlítandi athugun á olíukerfi bifreiðarinnar farið strax fram og tilefni gafst til, hafi orsakir bilananna þegar komið í ljós og auðvelt hefði verið að komast fyrir þær kostnaðarlítið.

Fyrir dóm hafa komið allir þeir menn sem vitað er til að hafi ekið umræddri bifreið eða haft önnur afskipti eða umsjón með henni á þeim tíma

sem leið frá framangreindum olíuskiptum á verkstæði stefnda og þar til bilunin kom í ljós. Hafa allir þessir menn borið að hvorki hafi farið fram skipti á olíu né olíusíu á þessu tímabili. Lögð hefur verið fram í málinu mynd af olíusíunni eins og hún leit út þegar hún var tekin úr bifreiðinni og er það álit hinna sérfróðu meðdómsmanna að um sé að ræða gamla og slitna síu sem útilokað sé að verið hafi skemmri tíma í notkun en haldið er fram af stefnanda. Með hliðsjón af þessu þykir nægjanlega sannað að umrædd olíusía hafi eigi síðar verið sett í bifreiðina en þ. 18. júní 1982 á verkstæði stefnda. Þá er það skoðun hinna sérfróðu meðdómsmanna að ekki hafi verið óeðlilegt af hálfu stefnanda að láta ekki skipta um síu á því tímabili sem síðar leið. Verður því við það miðað að þær skemmdir sem fram komu á vélinni, þ.e. úrbræðsla hennar, verði rakin til þess að sían virkaði ekki að fullu vegna þakkingar þeirrar er fyrir var og stíflaði hana að hluta.

Er það því niðurstaða dómsins að stefndi beri ábyrgð á þeim skemmdum sem af hlutust.

Stefndi hefur mótmælt kröfu stefnanda sem ósannaðri og allt of hárrí. Hinir sérfróðu meðdómsmenn hafa rækilega skoðað þá reikninga sem frammi liggja í málinu og krafa stefnanda er byggð á, ennfremur kynnt sér aldur þeirrar bifreiðar sem hér um ræðir og önnur þau atriði er máli skipta.

Er það niðurstaða dómsins, eftir að hafa tekið tillit til þess hluta reikninganna sem varðar aðrar viðgerðir á bifreiðinni en mál þetta snýst um, svo og að nýtt kemur í stað gamals, að bætur til handa stefnanda úr hendi stefnda séu hæfilega ákveðnar krónur 180.000,00 og eru þar innifaldar bætur vegna afnotamissisins. Ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda þá fjárhæð á vöxtum eins og krafist er. Eftir þessum úrslitum þykir eiga að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað sem telst hæfilega ákveðinn kr. 45.000,00.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Þórshamar hf., greiði stefnanda, Stefáni Gunnarssyni, kr. 180.000,00 ásamt 45% ársvöxtum frá 1. nóv. 1982 til 21. sept. 1983, 37% ársvöxtum frá þ.d. til 21. okt. s.á., 36% ársvöxtum frá þ.d. til 21. nóv. s.á., 32% ársvöxtum frá þ.d. til 21. des. s.á., 25% ársvöxtum frá þ.d. til 21. jan. 1984, 19% ársvöxtum frá þ.d. til 28. júní s.á. en dómvöxtum, sbr. lög nr. 56, 1979, frá þ.d. til greiðsludags og kr. 45.000,00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.